



# HÍ

VIÐBÓTARDIPLÓMANÁM

## Hjúkrunarstjórnun:

## forysta og verkefnastjórn

HEFST HAUSTIÐ 2022. UMSÓKNARFRESTUR 15. APRÍL

### Um námið

Í náminu öðlast nemendur þekkingu og færni í hugmyndafræði og kenningum forystu, hlutverki leiðtoga, stjórnun breytinga og nýsköpunar, leiðsagnar og kennslu fullorðinna, nýtingu gagna og upplýsinga og gagnreyndum starfsháttum.

### Að námi loknu

Nemendur geta fengið hluta af diplómanámi sínu metið inn í nám til meistaraþrófs við Hjúkrunarfræðideild Háskóla Íslands. Skilyrði er lágmarkseinkunn 6,0 í einstökum námskeiðum í diplómanámi og 6,5 í meðaleinkunn til að það sé metið inn í meistaranám. Námskeiðið Fræðileg aðferð telst ekki á meistarastigi og fæst því ekki metið inn í meistaranám.

### Markmið

Að veita nemendum tækifæri til að efla sig á sviði forystu og verkefnastjórnunar í heilbrigðisþjónustu og er tekið mið af þeim sem hyggjast vinna við stjórnun og forystu hópa og verkefna. Ekkert er því til fyrirstöðu að diplómanemendur taki önnur námskeið á meistarastigi þó þau tilheyri ekki námsleiðinni, ef forkröfur leyfa, sem koma þá ekki til gráðu.

### Inntökuskilyrði

BS-próf í hjúkrunarfræði eða samsvarandi próf með að lágmarki 6,5 í aðaleinkunn úr BS-prófi, góð enskukunnátta og íslenskt hjúkrunarleyfi.



# HÍ

HJÚKRUNARFRÆÐIDEILD

Nánar á [hjukrun.hi.is](http://hjukrun.hi.is)

Hjúkrunarfræðideild HÍ, Eiríksgötu 34, 101 Reykjavík  
Sími 5254960, [hjukrun@hi.is](mailto:hjukrun@hi.is), [www.hi.is/hjukrunarfraedi](http://www.hi.is/hjukrunarfraedi)